

greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan Karli Schütz miskabætur að fjárhæð kr. 100.000.

Ákærðu Matthías Johannessen og Styrmir Gunnarsson, ritstjórar Morgunblaðsins, skulu birta I., II. og VI. kafla dóms þessa svo og dómsorð í 1. eða 2. tölublaði blaðs síns, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Ákærðu Matthías Johannessen og Styrmir Gunnarsson greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan allan sakarkostnað, er þeim við kemur, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmans, kr. 100.000.

Þriðjudaginn 21. febrúar 1978.

Nr. 52/1977. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Úlfari Ólafssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Manndráp. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóm kvað upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri.

Eftir uppsögu héraðsdóms var álitserð Gísla Á. Þorsteinssonar, sérfræðings í tauga- og geðsjúkdómum, dags. 18. ágúst 1976, um geðheilsu og sakhæfi ákærða borin undir Læknaráð, er staðfesti niðurstöðu álitserðarinnar 24. janúar 1978.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gersí sekur um að svipta Guðbjörn Tryggvason lífi aðfararnótt 4.

apríl 1976. Er atferli ákærða réttilega fært til 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Innbrotsþjófnaður sá, sem ákærði framdi fyrir um nóttina og lýst er í héraðsdómi, er sjálfstætt brot, er varðar ákærða refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með brotum þeim, sem ákærði var dæmdur sekur um í dómi sakadóms Akureyrar hinn 30. apríl 1976, rauf hann skil-orð samkvæmt dómi sama dómstóls 14. júlí 1975. Í dómnum 30. apríl 1976 var ákærða dæmd í einu lagi refsing fyrir brot þau, er greinir í báðum dómunum. Gekk síðari dómur eftir að ákærði framdi brot þau, sem um er fjallað í máli þessu.

Refsingu fyrir brot, sem dæmt verður um í þessu máli, ber að ákvarða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða gegn 211. gr. almennra hegningarlaga bitnaði á vegfaranda, sem ákærði átti ekki sökótt við, og var unnið með styrkum og einbeittum vilja og beitt skotvopni við framkvæmd þess. Er óljóst, hvað ákærða gekk til verksins. Ákærði var mjög ungur, nýorðinn 18 ára, þegar hann framdi brot sín, er hann gekkst hreinskilnislega og greiðlega við, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 70. gr. og 9. tölulið 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 12 ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem staðið hefur óslitið síðan 5. apríl 1976, á að koma með fullri dagatölu refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Úrlausn héraðsdóms um sakarkostnað á að vera öröskuð. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

Við rannsókn málsins er þetta athugavert:

Aður en úrskurður gekk hinn 5. apríl 1976 um gæsluvarðhald ákærða, kom ákærði ekki fyrir dómara, að því er gögn máls benda til, og er það andstætt 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 74/1974. Þá staðfestu ýmsir þeir, sem gáfu skýrslur fyrir lögreglu, skýrslur fyrir dómi, eftir því sem greint er í þingbók, án þess að þeir væru prófaðir sjálfstætt um sakarefni, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Úlfar Ólafsson, sæti fangelsi 12 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 5. apríl 1976 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. nóvember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. október sl., er höfðað hér fyrir dómi með ákæru ríkissaksóknara, dags. 5. okt. 1976, á hendur Úlfari Ólafssyni sjómanni, Tjarnarlundi 13 B, Akureyri, fæddum þar 9. febrúar 1958, fyrir manndráp með því að hafa svipt Guðbjörn Tryggvason, Hrauni, Akureyri, lífi með riffilskotum árla morguns sunnudaginn 4. apríl 1976 á Heiðarlundi á Akureyri.

Telst verknaður þessi varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa aðfararnótt sunnudagsins 4. apríl 1976 brotist inn í Sportvöruverslun Brynjólfs Sveinssonar h/f að Skipagötu 1 og stolið þaðan riffli, nokkru af skotfærum og um 8 þúsund krónum í peningum.

Telst það varða við 244. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1973 22/10 á Akureyri: Sátt, 1.445 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1974 28/12 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1975 14/7 á Akureyri: Dómur: 30 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár frá dómsbirtingu 6/8 1975, fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. gr. laga nr. 20/1956,

2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyf í 9 mánuði frá 6/8 1975.

1975 24/5 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1976 30/4 á Akureyri: Dómur: 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

I. kafli.

Laust eftir miðnætti aðfararnótt sunnudagsins 4. apríl 1976 fóru hjónin Jóna Sigurðardóttir og Guðbjörn Tryggvason, fæddur 5. apríl 1947, til heimilis að Hrauni, Akureyri, í heimsókn til Kristján's Sigurðssonar, Stafholti 10, bróður Jónu. Dvöldust þau þar fram eftir nóttu, en að sögn Jónu fóru þau gangandi heim á seinni tímanum í fjögur, og var Guðbjörn búinn að drekka 2—3 glös af áfengisblöndu um kvöldið og nóttina. Eftir nokkra dvöl heima fór Guðbjörn að heiman og ætlaði að hitta kunningja sinn Jón Dan Jóhannsson, Víðilundi 14, og telur Jóna, að klukkan hafi þá verið 20 eða 25 mínútur yfir fjögur og hafi Guðbjörn verið lítið undir áhrifum af fengis og í góðu skapi.

Vitnin Margrét Njálsdóttir og Heiðrún Pétursdóttir segjast hafa verið staddar á Hörgárbraut við Veganesti kl. rúmlega fjögur umrædda nótt á bifreiðinni Þ 2682 ásamt fleira fólki. Hafi þá sprungið hjólbarði á öðru afturhjól bifreiðarinnar. Á meðan verið var að skipta um hjólbarða, hafi komið til þeirra maður norðan götuna og boðist til að hjálpa þeim við verkið. Hafi maður þessi virst eitthvað undir áhrifum af fengis, en ekki mikið. Hann hafi síðan fengið far með þeim í bifreiðinni upp á brekku og farið úr bifreiðinni á mótum Þingvallastrætis og Mýrarvegar. Hann hafi verið rólegur og virst í góðu skapi. Vitni þessi staðfestu, að þetta hefði verið Guðbjörn Tryggvason, eftir að hafa skoðað mynd af honum hjá lögreglu.

Vitnið Barbara Ármanns, Lerkilundi 1, Akureyri, kveðst hafa vaknað við það aðfararnótt sunnudagsins 4. apríl 1976, að hringt var dyrabjöllunni alllengi. Kveðst hún hafa gáð út um glugga og þekkt, að þar var kominn Guðbjörn Tryggvason, Hrauni, en hann og eiginkona hans, Jóna, séu kunningjafólk sitt. Kveðst hún hafa séð, að hann var einn á ferð, en ekki hafi hún séð, að hann væri ölvaður eða annað athugavert við hann. Hún kveðst ekki hafa opnað né heldur látið hann sjá til sín, en hann hafi gengið í kringum húsið og hringt dyrabjöllunni margsinnis. Kveður hún hann

hafa verið þarna við húsið nokkra stund, eða allt upp í 10—15 mínútur, en þá horfið á brott og haldið norður Grenilund. Telur hún, að klukkan hafi verið rúmlega fjögur um nóttina, er Guðbjörn fór þaðan, kveðst þó ekki hafa litið á klukku, kveðst hins vegar ekki hafa farið að sofa, strax eftir að Guðbjörn fór, og fengið sér meðal annars kaffi, en litið á klukku, áður en hún fór að sofa aftur, og hafi klukkan þá verið rúmlega fimm.

Ekki er vitað um ferðir Guðbjörns frekar en að framan greinir, eftir að hann fór heiman að frá sér.

II. kafli.

Klukkan 0701 sunnudaginn 4. apríl 1976 var tilkynnt um síma á lögreglustöðina á Akureyri, að mikið slasaður maður lægi á Heiðarlundi móts við Lundarskóla, sem er barnaskóli vestan við Heiðarlund. Lögreglumennirnir Matthías Einarsson og Þorsteinn Hallfreðsson fóru þegar á vettvang. Einnig fóru tveir slökkviliðsmenn á sjúkrabifreið. Er lögreglumennirnir komu á staðinn, voru þar fyrir Guðmundur Haraldsson skipstjóri, Þórunnarstræti 112, Akureyri, og kona hans, Iris Karlsdóttir. Enn fremur Ólafur Haraldsson, bróðir Guðmundar, og Sigurpáll Helgason símavörður. Að sögn lögreglumannanna lá ungur maður, um 25—30 ára gamall, í blóði sínu, mikið slasaður, á Heiðarlundi móts við Lundarskóla, og var hann að sjá meðvitundarlaus, kaldur á höndum og fótum og hafði misst mikið blóð. Stór áverki var á höfði hans, og eftir verksummerkjum á slysstað hafði maðurinn kastast til, en ekki sáust hjólför eftir bifreið á staðnum. Lögreglumennirnir báru ekki kennsl á hinn slasaða og engin skilríki fundust á honum. Hann var fluttur á sjúkrahús í lögreglubifreiðinni, en er þangað kom, tók Jónas Franklín læknir á móti honum og taldi hann vera látinn.

Eftir nokkra eftirgrennslan lögreglunnar kom í ljós, að hinn látni var áður nefndur Guðbjörn Tryggvason, og var Þóroddur Jónasson héraðslæknir fenginn til að skoða líkið.

Í skýrslu hans segir: „Þegar líkið hefur verið afklætt, sést, að andlit, hendur og hné eru blóðug og óhrein (mold og möl). Einkum er mikil blóðstorka um andlit ofanvert. Þegar blóð og óhreinindi hafa verið þvegin burt, sjást gömul ör á báðum sköflungum og ristum, eitt sýnu stærst, $2 \times 2\frac{1}{2}$ cm framan á h. legg. Gamalt stjörnulaga ör er á vinstri augabrún utanverðri. Að öðru leyti sjást ekki ör, m. a. ekki nein ör á kvið, ekki tattoveringar né nein áberandi sérkenni önnur.

Mjög víða á höndum, einkum handarbökum og ofan á úlnliðum, eru skrámur, sár og afrifur. Sama er að segja um hné, einkum v. hné utanvert, v. vanga, v. megin á höku og enni.

Utan á v. upphandlegg, 10 cm niður frá hábungu axlar, er kringlótt sár, ca $\frac{1}{2}$ cm í þvermál. Annað sár, svipað að stærð og lögun, er h. megin í andliti, $1\frac{1}{2}$ cm niður frá miðju hægra auga, 2 cm til hliðar við nef. Húðrönd að efri helmingi þessa sárs er blásvört. Kanni gengur auðveldlega inn eftir þessu sári, djúpt inn í gegnum kjálkabein.

Á h. augnabrún utanverðri er 2 cm langt skurðsár og mar í augnalokum niður frá því. Neðra hægra augnalok er klofið af ca $\frac{1}{2}$ cm djúpu sári, sem gengur ofan í það við ytri augnakrók. Út og niður frá v., ytri augnakrók, $2\frac{1}{2}$ cm frá honum, er smásár, og situr steinn fastur í því. Yfir miðju h. viðbeini er aflangt sár, 1 cm á lengd. Dökkni er undir húð frá því, 3 cm inn á við, en 7 cm í átt til axlar.

Úr öllum þessum sárum vætla blóð. Í nefi eru miklar blóðlifrar, og þegar þær hafa verið teknar, heldur áfram blóðrennsli úr nefi.

Á höfuðkúpu finnast 3 sár, öll svipuð að stærð og lögun, kringlótt og ca $\frac{1}{2}$ cm í þvermál, eða tæplega það. Ekki sjást litarbreytingar á húð í kringum þau. Eitt þeirra er 6 cm aftur frá ofanverðu h. eyra, annað 3 cm aftar í sömu stefnu. Hið þriðja er aftan á hnakka, v. megin við miðlínu, 12 cm aftur frá miðju v. eyra. Göt eru á höfuðbeinum undir öllum þessum sárum. Kanni gengur auðveldlega inn í gegnum höfuðkúpu í botni þeirra allra, og virðast beinsárin eða götin svipuð að stærð, en þó ívið stærri en húðsárin. Heilavefur fylgir í slóð kannans og kemur út í gegnum götin.

Víst má telja, að hvert eitt af þessum þrem höfuðkúpusárum og sá áverki, sem hefur myndað þau og fylgt þeim, hefði getað orðið manni þessum að bana. Allar líkur eru á, að hið sama gildi um sárið á h. kjálka. Þó þykir mér nauðsyn til bera, eins og áverkum og málinu öllu er háttað, að gerð verði réttarkrufning á líki manns þessa. Svo og að hún verði framkvæmd á Rannsóknastofu Háskólans í Reykjavík.“

Lík Guðbjörns var síðan sent Rannsóknastofu Háskólans til réttarkrufningar, og var sú krufning framkvæmd af Ólafi Bjarnasyni.

Í niðurlagi skýrslu hans, dagsettri 6. apríl 1976, segir:

„Samkvæmt upplýsingum sýslumanns og því, sem fannst við

krufninguna, er ljóst, að maðurinn hefir verið skotinn til bana. Innskotsop var á hægri kinn, og lá frá því skotgangur aftur í gegnum efri kjálka, inn í öftustu heilagróf, aðeins hægra megin við miðlínu og neðst á bakfleti klettbeins hluta gagnaugabeins. Þaðan var skotgangur í gegnum miðheila, sem var að verulegu leyti sundurtættur, en kúlan hefir svo staðnæmst neðst í hnakka-beini hægra megin. Þykir líklegast, að þetta hafi verið fyrsta höfuðskotið, sem valdið hafi dauða samstundis. Auk þess voru þrjú skotop í hnakka og frá þeim skotgangur inn í gegnum höfuðkúpu og inn í heila. Fjórar heillegar kúlur eða kúlubrot frá þessum skotum fundust í eða við yfirborð heila á mismunandi stöðum, og fylgja þau skýrslu þessari. Loks var skotgangur í hægri öxl, og hefir sú kúla farið í gegn, en flís úr henni var við hægna viðbein.“

Lögreglumenn gerðu uppdrátt af stað þeim, er lík Guðbjörns fannst á, sem lagður er fram í málinu. Einnig voru teknar myndir af vettvangi og umhverfi hans, sem liggja frammi í málinu. Næsta nágrenni vettvangs er óbyggt að öðru leyti en því, að skammt er að barnaskóla hverfisins, Lundarskóla.

Vitnin Guðmundur Haraldsson og Iris Karlsdóttir, sem áður eru nefnd, skýra svo frá, að rétt um kl. 0700 þann 4. apríl 1976 hafi þau ekið í bifreið sinni suður veginn frá spennistöðinni í Heiðarlund og hafi þau verið á leið til bróður Guðmundar. Þegar þau hafi komið á Heiðarlund, rétt hjá Lundarskóla, hafi þau séð mann liggjandi í blóði sínu á miðri götunni. Segir vitnið Iris, að maðurinn hafi legið á grúfu, höfuðið snúið til norðurs og fætur til suðurs, frekar austan til á veginum. Vitnin fóru rakleiðis í næstu íbúðarblokk, þar sem bróðir Guðmundar býr, og hringdu þaðan í sjúkrahús, en áður höfðu þau kallað til Sigurpáls Helgasonar símavarðar, sem þarna var á ferð, og sagt honum frá slasaða manningum. Eftir að hafa tilkynnt um slysið hafi þau aftur komið á slysstaðinn. Vitnunum ber saman um, að mikið blóð hafi verið á götunni á svæði norðan við stað þann, sem maðurinn lá.

Vitnið Sigurpáll Helgason kveðst hafa farið í gönguferð suður á brekkurnar um hálfsex og hafi leið sín legið norður Heiðarlund. Kveðst hann hafa verið kominn norður undir Lundarskóla, þegar bifreið kom á móti honum, og nær samtímis tekið eftir, að eitt-hvað lá þar á veginum, sem líktist liggjandi manni. Bifreiðin hafi stöðvað sem snöggvást hjá manningum, en haldið síðan áfram og um leið og hún hafi komið að vitninu, hafi kona, er sat í fram-sætinu, kallað til hans og sagt, að þarna lægi slasaður maður og

þau ætluðu að hringja á aðstoð. Vitnið kveðst hafa gengið að manningnum og strax séð, að hann var mikið blóðugur á höfði og leit út fyrir að vera örendur. Mikið blóð hafi verið undir honum og einnig þar í kring eða lítið eitt norðan við hann, en hann hafi legið á grúfu og snúið höfði til norðurs, en fótum til suðurs. Rétt á eftir hafi lögreglu- og sjúkrabifreið komið á vettvang og maðurinn þá verið fluttur á brott.

Lögreglumenn hófu þegar rannsókn á vettvangi og fundu þar fljótlega riffilskot, tvö tóm og tvö hlaðin. Á tímabilinu frá kl. 1100 til 1215 könnuðu lögreglumennirnir Ófeigur Baldursson og Þorsteinn Hallfreðsson svæðið í kringum slysstaðinn og fundu þá eitt hlaðið skot, „short“, og var það á vesturbrún Heiðarlundar, enn fremur tóm skothylki, „short“, á miðri götunni og að lokum riffilkúlu, lítið skemmda, á austurbrún götunnar. Virtust skotfæri þessi öll vera af stærðinni caliber 22.

Síðar um daginn, eða klukkan 1340, var lögreglunni tilkynnt um, að krakkar væru á leið niður Þórunnarstræti með byssu meðferðis. Er lögreglumenn könnuðu málið, kváðust krakkarnir vera á leið á lögreglustöðina, og höfðu þau riffil meðferðis, sem þau sögðust hafa fundið á auðu svæði ofan við Lundarskóla. Börnin vísuðu lögreglumönnum síðan á stað um 168 m vestan við Heiðarlund á vegarslóða, sem liggur á milli Heiðarlundar og Tjarnarlundar. Á stað þessum eru tveir timburskúrar, og lítils háttar snjóskafli var þar norðan við þá, og kváðu börnin riffilinn hafa legið í skaflinum. Reyndist riffillinn vera af gerðinni Remington Field Master, 22 cal., model 572, nr. 1857308, og gat fullhlaðinn tekið 22 skot af „short“, sem hlaðið er í rör, sem liggur samhliða hlaupinu, undir því. Riffillinn er ekki sjálfvirkur, er hlaðinn og spenntur með því að hreyfa skefti aftur og fram, og flyst þá skotið úr geymslunni og upp í hlaupið. Riffillinn reyndist vera óhlaðinn og stóð opin. Virtist hann nýlegur að sjá, og voru leyfar af verðmiða á afturskefti hans. Þá var á aftursigti og þar í kring klístur, sem virtist vera blóð. Einnig voru á hlaupi blettir, sem ekki var hægt að sjá, hvað var.

Er lögreglumennirnir voru þarna á vettvangi, veittu þeir at-
hygli manni, sem var að bogra við moldarbing um 65 m fyrir vestan þá. Rétt um leið kallaði maður þessi til þeirra og gekk í átt til þeirra. Fóru lögreglumennirnir á móts við hann, og reyndist þar vera um að ræða Úlfar Ólafsson, Tjarnarlundi 13 B, ákærða í máli þessu. Afhenti hann Ingimar Skjöldal lögreglu-
manni nokkra pakka af riffilskotum, sem hann kvaðst hafa fund-

ið þarna í moldarbing. Virtist lögreglumönnunum ákærði vera nokkuð órólegur, og spurði hann m. a. tvisvar að því, hvort hann mætti fara. Hann skýrði frá því, að hann hefði verið á leið að heiman, en tapað húslykli sínum og snúið við að leita hans og þá fundið skotin. Að þessum upplýsingum fengnum var ákærða leyft að fara, og hætti hann þá frekari leit að lyklinum og gekk austur götuslóðina og síðan áfram yfir hið auða svæði fyrir austan Heiðarlundinn. Við frekari athugun á staðnum, þar sem ákærði fann skotin, fundu lögreglumenn meira magn af skotum og patrónum, eða eftirfarandi magn: 4 pakka riffilskot, „short“, 2 pakka riffilskot, „long“, 83 skothylki, „short“, 2 patrónur tóm- ar, „short“. Voru skotin af stærðinni cal. 22.

Síðar þennan sama dag, eða um kl. 1830, hringdi Gunnar Árnason, eigandi Sportvöruverslunar Brynjólfs Sveinssonar, Skipagötu 1, Akureyri, á lögreglustöðina og tilkynnti, að búið væri að brjótast inn í verslun sína. Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður og Gísli Ólafsson yfirlögreglumaður fóru á vettvang ásamt lögreglumönnunum Ingimar Skjöldal og Páli Þorkelssyni. Reyndist innbrotið hafa verið framið með þeim hætti, að brotin hafði verið rúða í opnanlegum glugga á skrifstofu verslunarinnar norðaustan á húsinu, en sú hlið verslunarinnar er ekki sjáanleg frá götunni framan við verslunina. Síðan hafði glugginn verið opnaður og innbrotismaður eða menn farið þar inn. Farið hafði verið fram í verslunina og þar tekið úr afgreiðslukassa, að sögn Gunnars Árnasonar, 8—9 þúsund krónur í seðlum, allmikið af skiptimynt var í kassanum, en hún var látin vera. Þrjár byssur, sem þarna voru á vegg, höfðu verið teknar og farið með þær fram að snyrtingu, sem er til hliðar við skrifstofuna, sem brotist var inn í. Einnig höfðu nokkrir pakkar af skotum verið bornir þarna fram. Um það bil einum pakka af haglaskotum hafði verið dreift yfir gólf á snyrtingu og mest af þeim sett í klósettskálina. Á vegg í snyrtingu var gat, sem virtist vera eftir skot úr hagla- byssu. Gat þetta var í rúmlega meters hæð frá gólfi. Þá var annað gat, sem greinilega var eftir haglaskot, en það var á vegg milli umræddrar skrifstofu og gangs. Hafði skotið farið í gegnum vegginn og í skrifborð þar innan við og skemmt það mikið. Gat þetta var í 60—70 cm hæð. Þá voru tvö minni göt á sama vegg, og virtust þau vera eftir skot úr riffli. Skotin höfðu bæði farið í gegnum vegginn og önnur kúlan lent í veggnum á móti, en hin í skjalaskáp, sem þar er. Nokkrar skemmdir höfðu orðið á um- ræddri skrifstofu, m. a. brotin glerplata á skrifborði. Auk þeirra

hluta, sem að framan er getið, hafði verið tekinn riffill, cal. 22. Kassi utan af riffilinum hafði verið skilinn eftir, en á honum var númerið 1857308. Var þetta Remington, model 572, eða sami riffill og nokkru áður hafði fundist skammt frá vettvangi á Heiðarlundi. Riffill þessi hafði verið tekinn og farið með hann út úr versluninni, en hinar byssurnar skildar eftir á snyrtingu og rétt framan við dyr hennar. Einnig hafði eitthvað af skotfærum, caliber 22, verið tekið, en verslunareigandinn, Gunnar Árnason, kvaðst ekki geta sagt um, hversu mikið það hefði verið. Tómur pakki undan skotum cal. 22 fannst í versluninni. Var hann undan Remington skotum, stærð „short“.

Rannsókn á fingraförum á glerbrotum úr glugga þeim, er brotist var inn um, ásamt munum úr versluninni svo og tédum riffli reyndist árangurslaus.

Eins og að framan er rakið, hittu lögreglumenn Úlfar Ólafsson, ákærða í máli þessu, skammt frá vettvangi, er þeir voru við vettvangsrannsókn, og afhenti ákærði þeim þar talsvert magn af skotum, er hann kvaðst hafa fundið þar í moldarbing. Í framhaldi af því var hafin rannsókn á ferðum ákærða umrædda nótt. Skýrði móðir ákærða, Þórdís Aðalbjörnsdóttir, m. a. svo frá, að ákærði hefði undir höndum nokkra peningaupphæð, en hann hefði verið svo til peningalaus kvöldið áður og m. a. fengið tómar öflöskur heima hjá sér til að selja. Hefði hún þá um morguninn fundið í herbergi ákærða 7—8 þúsund krónur í seðlum. Þá upplýsti hún, að ákærði hefði komið heim til sín kl. 0530. Þá reyndist hægri hönd ákærða vera allmikið bólgin, föt og skór, er ákærði var í umrædda nótt, voru könnuð, reyndust skórnir hreinir, en mittisstakkur virtist allblóðugur og rifinn, en bláar gallabuxur, er móðir ákærða sagði hann hafa verið í, var búið að leggja í bleyti, en móðir ákærða, Þórdís, skýrði lögreglunni svo frá, að hún hefði tekið eftir því, að buxur ákærða voru með blóðblettum og ataðar mold. Hefði hún spurt ákærða, hvernig stæði á þessum blóðblettum, og hefði hann sagt, að hann hefði lent í átökum við strák hjá Gagnfræðaskólanum. Kvaðst Þórdís ekki frekar hafa hugsað út í þetta, en lagt buxurnar í bleyti. Á skóm ákærða var ekkert að sjá.

Ákærði gaf þá skýringu á blóðblettum og rifnum stakk, að hann hefði lent í átökum við ónafngreindan pilt um nottina. Kvaðst hann hafa slegið piltinn í andlitið, sem hefði fengið við það blóðnasir. Sömuleiðis hefði hann meiðst á hendi, er hann sló piltinn. Hann neitaði allri aðild að dauða Guðbjörns Tryggva-

sonar, sömuleiðis neitaði hann að vera viðriðinn innbrotið í Sportvöruverslun Brynjólfs Sveinssonar. Hann gaf þá skýringu á peningum þeim, er hjá honum fundust, að þeir væru eign kunningja síns, Alberts Ragnarssonar, og hefði hann tekið þá til geymslu fyrir hann.

Á grundvelli framangreinds var ákærði handtekinn, og að kvöldi þess 5. apríl 1976 var hann úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald, en er rannsóknardómari birti honum úrskurðinn, óskaði ákærði eftir að gefa skýrslu fyrir dóminum, og játaði hann þar að hafa orðið valdur að dauða Guðbjörns Tryggvasonar snemma morguns þann 4. apríl 1976. Einnig játaði hann að hafa brotist inn í Sportvöruverslun Brynjólfs Sveinssonar um nóttina.

III. kafli.

Verður nú vikið að ferðum og gerðum ákærða frá laugardagskvöldi 3. apríl 1976 og þar til hann var handtekinn að kvöldi 4. apríl.

Laugardagskvöldið 3. apríl 1976 fyrir biótíma fór ákærði að heiman frá sér, en hafði áður hringt í kunningja sinn, Albert Ragnarsson, Skarðshlíð 40, og höfðu þeir hugsað sér að fara í kvikmyndahús um kvöldið. Hittust þeir síðan við Nýja Bíó, en ekkert varð af bíóferðinni, í staðinn fóru þeir að reyna að safna saman fé til kaupa á áfengisflösku. Hittu þeir þá Sigurð Magnús Þórðarson, Hrafnagilsstræti 39, sem einnig útvegaði fé til áfengiskaupanna. Er þeir höfðu safnað saman kr. 6.000, keyptu þeir sér eina og hálfa flösku af brennivíni. Fóru þeir síðan heim til Alberts og settust þar að drykkju. Höfðu þeir að mestu lokið við vínið kl. 0200—0230 og lögðu þá af stað gangandi í bæinn, en er þeir höfðu skammt gengið, komu foreldrar Alberts þar að og óku þeim síðan í bæinn.

Fljótlega eftir að í bæinn kom, skildu leiðir þeirra félaga, og er ákærði að mestu einn til frásagnar um atburði næturinnar eftir það.

Verður nú framburður ákærða fyrir dómi að kvöldi 5. apríl og fyrri hluta nætur 6. apríl 1976 rakinn.

Skýrði ákærði svo frá, að eftir að hann skildi við félaga sína þá Albert og Sigurð í miðbænum, hafi hann gengið niður hjá BSO og bak við verslunina Höfn og að verslun Brynjólfs Sveinssonar, bakdyramegin. Hafi það verið um það bil hálf tíma eftir að hann skildi við þá félaga sína og hafi bærinn þá verið svo gott sem mannlaus. Kveðst hann hafa brotið rúðu í glugga með steini.

Kveðst hann hafa notað trefil, sem hann var með, til að tína glerbrotin úr glugganum. Síðan hafi hann opnað gluggann og farið inn um hann. Hafi hann komið inn á skrifstofu og farið úr henni um gang fram í verslunina. Kveðst hann hafa tekið þar niður af vegg tvær haglabyssur og einn riffil og farið með það inn á klósett, sem þarna var. Síðan hafi hann tekið nokkra pakka af haglaskotum og farið með þá inn á klósett. Því næst hafi hann hlaðið aðra haglabyssuna, tvíhleypu, bæði hlaupin, og skotið úr henni báðum skotum í vegginn. Kveðst hann hafa hætt við að taka byssu þessa, þar sem honum líkaði hún ekki. Þótti hún of hávaðasöm, en hann kveðst hafa ætlað með hana út. Segist hann hafa hent haglskotunum, sem hann hafði stungið á sig, í klósettið. Kveðst hann síðan hafa farið aftur fram í búðina og sótt nokkra pakka af riffilskotum, 6—7 pakka, og rauða tösku, sem hann kveðst hafa sett skotin í og ætlað að hafa með sér, en þótt hún of stór og hætt við að taka hana. Hann kveðst nú hafa hlaðið riffilinn og skotið einu skoti og síðan hlaðið hann aftur. Tekið síðan fimm eða sex pakka af skotum í vasana, bæði í úlpuvasa og buxnavasa. Að þessu loknu kveðst hann hafa ætlað út, en snúið við og farið í peningakassann og tekið þar um 8 þúsund krónur. Að því loknu hafi hann farið út úr versluninni um bakdyr og haft með sér framangreinda peningaupphæð, riffilinn og skotpakkana, sem hann hafði stungið á sig.

Kveðst ákærði nú hafa gengið suður hafnarbakkann, þar til að hann kom að horninu við Eimskip. Þar kveðst hann hafa hleypt af einu skoti í sjóinn og hlaðið síðan riffilinn aftur eins mörgum og hann kom í hann, um það bil sex skotum. Síðan kveðst hann hafa hlaupið suður yfir Kaupvangsstræti og farið bak við Hafnarstræti 92 og út á Hafnarstræti sunnan við það hús. Því næst suður Hafnarstræti og upp brekkuna sunnan við Tónlistarskólann, upp að Sigurhæðum og þaðan í norður í kirkjutröppurnar. Því næst upp kirkjutröppurnar og til vinstri, suður Eyrarlandsveg, þar til komið var að stíg sunnan Eyrarlandsvegar 8. Kveðst hann hafa gengið upp þann stíg og mætt þar tveimur strákum, sem hann ekki hafi þekkt. Kveðst hann hafa sagt þeim að stöðva og miðað á þá byssunni. Kveðst ákærði hafa hugsað sér að skjóta á þá. Strákarnir hafi farið að tala við hann og boðið honum vín. Kveðst ákærði ekki hafa þegið það. Kveðst hann allt í einu hafa hætt við að skjóta piltana og sagt við þá, að hann væri að grínast og að byssan væri ekki hlaðin. Hafi piltarnir beðið hann að setjast og tala við sig, en ákærði kveðst hafa svarað því til, að hann mætti

ekki vera að því, þar sem hann væri að fara að skila byssunni. Hann væri að fara með hana milli húsa.

Vitnin Kristberg Ágúst Karlsson og Björgvin Eyjólfsson voru piltar þeir, er ákærði mætti þarna. Skýrðu þeir samhljóða svo frá, að milli kl. hálfíimm og fimm umrædda nótt hafi þeir verið á leið frá heimavist M.A. og niður í bæ. Á leið sinni niður tröppurnar frá Skólastíg að Eyrarlandsvegi hafi þeir mætt ungum manni með ríffil, sem hann miðaði á þá. Hafi þeir félagar haldið ferðinni áfram þrátt fyrir þetta, alveg að manninum, og hafi vitnið Björgvin gripið um ríffilhlaupið og beint því niður. Hafi maðurinn spurt þá, hvort þeir hefðu ekki orðið hræddir, en þeir spurt hann um meðferð hans á rífflinum. Hafi maðurinn sagst vera á heimleið og byssan væri óhlaðin. Eftir nokkur orðskipti skildi maðurinn við þá. Vitnin kváðu hann hafa verið rólegan og þægilegan í tali og ekki virst ölvaður.

Eftir að ákærði skildi við þá féлага, kveðst hann hafa haldið ferð sinni áfram að kjörbúðinni við Byggðaveg og síðan áfram upp Vanabyggð og Einilund og áfram yfir túnið í átt að Heiðarlundi. Þegar hann hafi komið að veginum (Heiðarlundi), kveðst hann hafa lagst niður og miðað byssunni á mann, sem hann hafi séð koma sunnan veginn. Kveðst ákærði síðan hafa risið upp aftur og gengið upp á veginn í veg fyrir manninn, miðað áfram á hann byssunni og sagt honum að stöðva. Maðurinn hafi stansað, og kveðst ákærði hafa spurt hann, hvað hann hétí, og hafi hann sagt til nafns, en ákærði kveðst ekki muna, hvert nafnið var. Kveðst hann einnig hafa spurt manninn að því, hvar hann ætti heima, og hafi maðurinn nefnt bæjarnafn fram í firði. Kveðst ákærði þá hafa spurt manninn að því, hvert hann væri að fara, og hafi maðurinn svarað því, að hann væri að fara að útvega sér vín. Ákærði kveðst hafa haldið áfram að miða byssunni á manninn, meðan á samtali þeirra stóð. Segir hann, að maðurinn hafi nú spurt sig, hvort hann ætlaði að skjóta sig. Segist ákærði hafa sagt, að það gæti vel komið til greina, og kveðst hafa miðað byssunni á andlit mannsins og sagt, að hann gæti vel skotið hann. Hafi maðurinn játað því. Kveðst ákærði þá hafa lagt niður byssuna og spurt manninn, hvað hann mundi gera, ef hann slepti honum, hvort hann mundi fara á lögreglustöðina og skýra frá því, að ákærði hefði beint að honum byssu. Maðurinn kvaðst ekki mundu gera það, en spurði ákærða sömu spurningar og ákærði hafði spurt, og kveðst ákærði hafa svarað neitandi. Því næst kveðst ákærði hafa rétt upp byssuna aftur og sagt, að hann gæti vel

skotið, og skotið í andlit mannsins. Kveðst ákærði hafa miðað á milli augna mannsins. Segir hann, að færið hafi verið 4—5 metrar. Segir ákærði, að maðurinn hafi henst afturábak og fallið niður á hægri hlið og hljóðað. Segist ákærði hafa gengið að manningnum, sem hafi hreyft sig og haldið höndunum um andlit sér. Síðan hafi maðurinn kreppt sig saman og hvolft sér á grúfu. Segist ákærði hafa séð blóð vella út um nasir og munn mannsins. Segist ákærði hafa beðið eftir, að maðurinn létist, en þar sem það hafi dregist, kveðst hann hafa barið með riffilskeftinu í bakið á manningnum einu sinni og við það hafi maðurinn dottið alveg niður. Síðan hafi hann reist sig aftur upp á hliðina og kreppt sig saman og tekist að sparka riffilinum úr höndum ákærða og grípa í buxur hans. Kveðst ákærði þá hafa lagst niður og barið manninn í andlitið mörgum sinnum. Manninum hafi tekist að hrinda sér afturábak eða að hann hafi dottið afturábak, og virtist ákærða hann reyna að ná í riffilinn. Segir ákærði, að maðurinn hafi haldið það fast í buxur sínar, að honum hafi verið ómögulegt að losa sig. Ákærði kveðst þá hafa lagst niður aftur og barið manninn á nýjan leik í andlitið, þar til hann sleppti buxunum. Kveðst ákærði þá hafa náð í riffilinn og skotið aftur á manninn. Segir ákærði, að það skot hafi hafnað beint aftan í hnakka mannsins. Maðurinn hafi kippst við og kveðst ákærði hafa skotið öðru skoti í hnakka hans og hafi hann þá orðið hreyfingarlaus. Kveðst ákærði ekki muna, hvort hann skaut fleiri skotum, en telur, að svo geti hafa verið. Að þessu loknu kveðst ákærði hafa tínt patrónurnar upp af veginum og gengið síðan í vestur frá veginum að skúr, sem þar stendur. Þar kveðst hann hafa grafið riffilinn í snjó. Skotunum kveðst hann hafa hent í moldarhaug skammt frá og stappað á þeim. Síðan kveðst hann hafa farið beint heim til sín.

Í lok þessarar skýrslu sinnar skýrir ákærði svo frá, að sig hafi oft langað til að drepa mann. Segist hann hafa haft þann tilgang með innbrotinu að verða sér úti um skotvopn í þeim tilgangi að drepa einhvern mann. Ákærði kveðst ekki hafa þekkt manninn, en kveðst hafa séð hann áður.

Ákærði kom aftur fyrir dóm þann 10. apríl 1976 og skýrir á sama hátt frá atburðum og að framan er lýst. Segir hann þá, að hann hafi ekki sérstaklega haft í huga að drepa mann, þegar hann braust inn í verslun Brynjólfs Sveinssonar og tók riffilinn. Segist ekki mundu hafa skotið Guðbjörn Tryggvason, ef Guðbjörn

hefði ekki séð sig. Hann hafi skotið Guðbjörn, til þess að hann segði ekki til sín. Kveðst ákærði gera ráð fyrir, að hann hafi lagst niður í þeim tilgangi að leynast fyrir manni þeim, er kom sunnan Heiðarlund, en kveðst þó ekki muna þetta.

Segir ákærði, að maðurinn hafi séð sig, þar sem hann lá, og hann þá risið upp. Ákærði kveðst hafa farið beint heim til sín eftir atburðinn á Heiðarlundi. Segist hann hafa verið lyklalaus og hringt dyrabjöllu. Hafi móðir sín opnað fyrir sér. Segist hann hafa spurt móður sína, hvað klukkan væri, en ekki muna, hverju hún svaraði. Segir ákærði, að dimmt hafi verið og muni móðir sín ekki hafa veitt athygli blóði á fötum hans. Segist hann hafa farið beint inn á klósett og þvegið sér og þvegið skóna sína. Að því loknu hafi hann farið að sofa. Ákærði kveðst hafa vaknað aftur klukkan 11—1130. Segist hann þá hafa tekið buxur sínar og falið í geymslu íbúðarinnar. Stakkinn kveðst hann hafa hengt upp. Segist hann hafa farið út eftir hádegið og gengið niður í bæ. Hann kveðst hafa farið í bíó kl. 1500 (Nýja bíó) með kunningjum sínum, sem hann hafi hitt í bænum, þeim Stefáni Kúld Eiríkssyni, Guðmundi Halldórssyni og tveim öðrum, sem hann kveðst ekki muna, hverjir voru. Við nánari athugun segir ákærði, að annar þeirra heiti Þórarinn Björnsson. Ákærði kveðst hafa farið beint heim eftir bíóið.

Ákærði kveðst á leið sinni niður í bæ eftir hádegið hafa hugað að byssunni, segist hafa ætlað að taka hana og fara með hana á lögreglustöðina og látast hafa fundið hana. Segist hann ekki hafa tekið eftir því, að lögreglumenn voru þarna, og kveðst hafa verið að tína skotin upp úr moldarhaugnum, þegar lögreglumenn komu að honum. Hann segist ekki hafa verið viss um, að hann hefði þurrkað nógu vel byssuna, og óttast, að för sín sæjust á henni. Þess vegna hafi hann ætlað að handfjatla hana og afhenda lögreglunni.

Ákærði segir, að móðir sín hafi spurt sig um buxurnar, þegar hann kom heim úr bíóinu, og kveðst hann hafa sagt henni, að hann hefði lánað þær. Hún hefði ekki viljað trúá því og hann þá sagt henni, hvar þær væru. Þegar móðir hans hafði séð buxurnar, hafi hún spurt, hvað komið hefði fyrir hann, og hafi hann þá sagt henni, að hann hefði lent í slagsmálum. Segir ákærði, að hún hafi tekið buxurnar til þess að þvo þær. Segist ákærði hafa verið heima hjá sér það sem eftir var dags, þar til hann var handtekinn.

Við síðari yfirheyrslur hefur ákærði haldið fast við framburð sinn og engar frekari skýringar gefið á framferði sínu en að framan greinir.

Vitnið Aðalbjörg Þórdís Aðalbjörnsdóttir, móðir ákærða, skýrir svo frá, að um kl. 0300 aðfaranótt 4. apríl sl. hafi Albert Ragnars-son hringt og spurt, hvort ákærði væri kominn heim, og hafi hún svarað, að svo væri ekki. Klukkan hálfsex um morguninn hafi dyrabjöllunni verið hringt, og kveðst vitnið hafa farið til dyra. Reyndist þetta þetta vera ákærði, sem hafði gleymt lyklunum heima. Vitnið segir, að rökkvað hafi verið, og kveðst hvorki hafa tekið eftir fötum ákærða né veitt athygli neinu athugaverðu í fari hans. Kveðst vitnið hafa veitt því athygli, að ákærði fékk sér ekkert að borða, þegar hann kom heim, eins og hann var þó vanur, heldur hafi hann farið inn á snyrtingu og síðan í herbergi sitt. Kveðst hún einhverra hluta vegna hafa fundið á sér, að eitt-hvað var að, og ekki getað sofnað aftur. Kveðst hún hafa farið á fætur og litið inn í herbergi ákærða. Hafi hann þá verið sofnaður. Hún segist hafa séð, að buxur hans voru blóðugar, og haldið, að hann hefði lent í slagsmálum.

Vitnið kveðst hafa rætt við ákærða um kl. hálfþólf og hafi hann þá sagt, að hún þyrfti ekki að hafa til mat fyrir sig. Segir vitnið, að ákærði hafi gengið um og starað út í loftið og ekki verið sjálfum sér líkur.

IV. kafli.

Ákærði er óskilgetinn sonur Þórdísar Aðalbjörnsdóttur, Tjarnar-
lundu 13 B, Akureyri, og Ólafs Helga Aðunssonar bifreiðar-
stjóra, sem búsettur er í Reykjavík. Ákærði ólst að mestu einn
upp með móður sinni, lengst af á Akureyri og dvaldist mikið á
barnaheimili. Móðir ákærða var áður gift og átti með manni sínum
fjögur börn, og er hið yngsta þeirra 13 árum eldra en ákærði.
Faðir ákærða hefur lítil sem engin afskipti haft af honum.

Ákærði hóf skólagöngu sína í Reykjavík, en var þó lengst af í
skóla á Akureyri. Skólaganga ákærða gekk óaðfinnanlega, þar til
hann kom í gagnfræðaskóla, að hann missti áhugann fyrir ná-
minu og hætti námi á miðjum vetri í öðrum bekk. Hann stundaði
aðallega sjómennsku, eftir að hann hætti námi.

Ákærði kveðst hafa byrjað að neyta víns í 1. bekk gagnfræða-
skóla, og kveðst hann hafa byrjað að neyta lyfja fyrir um tveim
árum, þá starfandi sem sjómaður á togara. Kveðst hann hafa
neytt töluverðs magns af lyfjum á þessum tíma, aðallega róandi

taflna og einnig örvandi. Kveðst hann hafa fengið lyfseðla á slík lyf hjá læknum, m. a. heimilislækni sínum. Um hafi verið að ræða Deazepam, Valium og Librium.

Ákærði segir, að sér hafi alltaf fundist hann vera „heilbrigður“, þegar hann hafi neytt þessara lyfja lengi. Segist hann alltaf hafa þurft meira og meira magn of lyfjunum eftir því sem hann neytti þeirra lengur í senn. Hann kveðst hafa verið búinn að vera í fríi í 10—12 daga fyrir 4. apríl sl. Segist daglega hafa fengið lyf hjá heimilislækni sínum þann tíma. Kveðst hann hafa haft slík lyf undir höndum föstudaginn 2. apríl sl. og neytt þeirra þá, en hann kveðst ekki minnast þess að hafa haft lyf í fórum sínum laugardaginn 3. apríl sl. Ákærði segir, að verkanir lyfjanna hafi verið ýmiss konar. Hafi það farið eftir því, hvort hann neytti vins með eða ekki. Hann segist alveg hafa farið „úr sambandi“, ef hann neytti vins með lyfjunum, og þá ekkert munað eftir sér.

Vitnið Aðalbjörg Þórdís Aðalbjörnsdóttir, móðir ákærða, skýrir svo frá, að hún hafi orðið vör við mikla lyfjaneyslu hjá ákærða undanfarið, einkum sl. vetur. Kveðst vitnið einkum hafa orðið vart við þetta, þegar ákærði var með Albert Ragnarssyni. Kveðst vitnið vita til þess, að ákærði hafi fengið töflur 22. mars sl. og síðan aftur 24. sama mánaðar. Vitnið segir, að framkoma ákærða við sig hafi verið góð undanfarið og betri en áður, nema þegar hann hafi umgengist Albert Ragnarsson, þá hafi hann alltaf orðið öðruvísi, en Albert hafi haft einhver áhrif á hann.

Vitnið Albert Ragnarsson kveðst vera góður kunningi ákærða. Segir vitnið, að sér sé kunnugt um, að ákærði hafi lengi neytt róandi lyfja, eða frá því að hann byrjaði störf á b/v Harðbak, en vitnið kveðst ekki vita, hvenær það var, en það hafi verið fyrir um það bil einu ári. Kveðst vitnið vera viss um, að ákærði hafi ekki verið með neinar slíkar pillur föstudaginn 2. apríl sl. og ekki heldur laugardaginn 3. apríl. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki neytt vins föstudaginn 2. apríl, en þeir félagar hafi allir verið nokkuð undir áhrifum áfengis laugardagskvöldið 3. apríl, en ekki mikið. Vitnið segir, að ákærði sé að sínu áliti ekki skapbráður, en honum detti ýmislegt furðulegt í hug, en það hafi ekki beinst að neinu sérstöku og því hafi hann ekki tekið það alvarlega.

Segir vitnið, að þeir hafi farið í bíó föstudagskvöldið 2. apríl. Hafi ákærði þá án nokkurs tilefnis sagt, er þeir voru í bíóinu, að sig langaði til að drepa einhvern. Kveðst vitnið ekki hafa veitt þessum orðum neina athygli og ekki tekið þau alvarlega. Segist

vitnið oft hafa heyrt ákærða hafa orð á því, að sig langaði til að drepa einhvern, en aldrei tekið slíkt alvarlega.

Vitnið kveðst nokkrum sinnum hafa tekið þátt í innbrotum með ákærða og segir, að sér finnist, að ákærði hafi þá frekar átt hugmyndina að innbrotunum. Kveðst vitnið aldrei hafa orðið vart við ofsa eða ofbeldishneigð hjá ákærða.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi hitt ákærða um það bil viku fyrir föstudaginn 2. apríl sl. Hafi þeir þá sest inn á veitingastaðinn Bautann um þrjúleytið að degi til. Segir vitnið, að þeir hafi farið að blanda sér vín í gosdrykki, en slíkt sé bannað þar. Segir vitnið, að afgreiðslustúlkaþar hafi komið til þeirra og vísað þeim út. Segir, að þeir hafi farið út, án þess að til frekari orðaskipta kæmi. Hafi ákærði þá haft orð á því, að best væri að drepa stúlkuna. Segir vitnið, að ákærði hafi oft haft orð á þessu þá og næstu daga á eftir, en það og ákærði hafi verið saman þá í nokkra daga. Ákærði hafi aftur farið að hafa orð á þessu í bíóinu föstudagskvöldið 2. apríl sl., nema þá hafi hann sagt, að hann langaði til að drepa einhvern án þess að geta um nokkurn sérstakan.

Vitnið Sigurður Magnús Þórðarson kveðst þekkja ákærða vel, hafi þeir verið saman til sjós og einnig talsvert hist í landi. Vitnið kveðst ekki telja, að þeir félagar hafi verið ölvaðir að kvöldi 3. apríl sl. Segir, að sér hafi ekki fundist ákærði ölvaður. Segir vitnið, að ákærði hafi neytt mikils af lyfjum, en ekki hafi hann haft slíkt um hönd umrætt kvöld. Segir vitnið, að ákærði hafi spurt Albert að því, hvort ekki væri til eitthvað af töflum, og hafi hann jafnvel leitað að töflum í skápum, en án árangurs. Vitnið kveðst aldrei hafa orðið vart við ofsa í ákærða og kveðst ekki minnast, að ákærði hefði nokkurn tíma orð á því, að hann langaði að drepa mann.

V. kafli.

Að undngengnum úrskurði var Gísla Á. Þorsteinssyni, sérfræðingi í geðlækningum, falin geðheilbrigðisrannsókn á ákærða.

Í skýrslu læknisins, dagsettri 18. ágúst 1976, segir:

„Verknaðurinn er talinn hafa skeð um kl. 0500 að morgni hins 4. apríl. Rétt er nú að hafa í huga eftirtalin atriði varðandi ástand Úlfars á þessari stundu:

1. Búinn að sula í víni í marga daga, jafnframt tekið slævandi lyf í stórum skömmtum.
2. Illa sofinn, ekki sofið dúr óheillanóttina.

3. Tók 4—5 töflur af Librium eða Deazepam um kvöldmatarleytið hinn 3. apríl s.l.
4. Hefur drukkið $\frac{1}{2}$ —1 flösku af sterku áfengi milli kl. 24.00 og 02.30 um nóttina, sem hann framdi verknaðinn. Svaf ekkert í millitíðinni, lítið borðað.
5. Hlýtur því enn að hafa verið undir talsverðum áhrifum, er hann var á heimleið rétt fyrir klukkan 05.00 að morgni hins 4. apríl s.l.
6. Sálfræðipróf sýna, að persónuleiki Úlfars er óþroskaður. Hann er tilfinningagrunnur og skortir hæfileika til að hafa hemil á skyndihvötum.
7. Velþekkt er, að áfengi og slævandi lyf í óhófi draga úr siðferðilegum hömlum manna og veikla sjálfstjórn og dómgreind. Ótrúlegt er, að þessi verknaður hefði skeð, ef ofangreind lyfja- og áfengisáhrif hefðu ekki verið til staðar.“

Heildarniðurstaða læknisins er þessi:

„Úlfar er haldinn alldjúpstæðum persónuleikatrufunum, sem nefna má geðvillu (personality disorder, psychopathia). Þessar persónuleikatrufanir koma meðal annars fram í óþroskaðri skapgerð, lélegri stjórn á skyndihvötum, einstaka stjórnlausum viðbrögðum, tilfinningaflatneskju, tilhneigingu til andfélagslegra at-hafna og tilhneigingu til áfengis- og lyfjanotkunar. Engin ótvíræð merki um meiri háttar geðveiki (psychosis) hafa komið fram. Að vísu sáust í persónuleikaprófunum viss einkenni, sem geta verið til staðar bæði við geðklofa (schizophrenia) og eins persónuleika-trufanir eða geðvillu, sem lýst er hér að ofan. Heildarmyndin og niðurstöður allra rannsóknanna samanlagðra benda þó ákveðið til geðvillu (personality disorder, psychopathia), og ekki hafa fundist nein ótvíræð einkenni eða merki um schizofreniu eða aðra meiri háttar geðsjúkdóma (psychosis).

Greindarpróf sýnir, að Úlfar er vel í meðallagi greindur, og ekki hefur neitt komið fram, sem bendir til vefræns hrörnunar-sjúkdóms í miðtaugakerfinu. Úlfar verður því að teljast sakhæfur í hefðbundnum skilningi þessa hugtaks. Hins vegar hafa nú þegar verið leidd rök að því, að Úlfar hafi verið undir talsverðum áhrifum bæði áfengis og slævandi lyfja, þegar hann framdi verknaðinn. Bent hefur verið á, að sökum persónuleika- og skapgerðartrufana skortir Úlfar hæfileika til að hafa stjórn og hemil á skyndihvötum og hefur auk þess samkvæmt sálfræðiprófum takmarkaða hæfileika til að finna til samúðar með öðrum. Vel-

þekkt er, að áfengi og slævandi lyf í óhófi dragi úr siðferðislegum hömlum manna og veikla sjálfstjórn og dómgreind. Ótrúlegt er, að þessi voveiflegi verknaður hefði skeð, ef ofangreind lyfja- og áfengisáhrif hefðu ekki verið til staðar.“

VI. kafli.

Með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, er sannað, að ákærði braust inn í Sportvöruverslun Brynjólfs Sveinssonar h/f að Skipagötu 1 og stal þaðan riffli, nokkru af skotfærum og um 8.000 krónum í peningum aðfaranótt 4. apríl 1976, og nokkru síðar eða árla morguns þann sama dag svipti hann Guðbjörn Tryggvason, Hrauni, Akureyri, lífi með riffilskotum á Heiðarlundi á Akureyri af ásettu ráði, eins og lýst er í ákæru.

Eins og að framan er rakið, bar ákærði það fyrir dómi 5. og 6. apríl 1976, að tilgangur með innbrotinu í Sportvöruverslu Brynjólfs Sveinssonar h/f hafi verið sá að verða sér úti um skotvopn í því skyni að verða einhverjum manni að bana. Þykja eftirtalin atvik styðja þennan framburð ákærða:

1. Atferli ákærða í verslun Brynjólfs Sveinssonar, er hann skaut þar af byssum og valdi síðan byssu, er minnstan hávaða gerði.
2. Frásögn ákærða af því að hafa hleypt af skoti úr rifflinum í sjóinn og síðan hlaðið hann aftur og gengið með hann hlaðinn áleiðis heim til sín.
3. Ákærði ógnaði vitnunum Björgvin Eyjólfsyni og Kristberg Ágúst Karlssyni með hlöðnum rifflinum, er hann mætti þeim á leið sinni upp á brekku. Kveðst ákærði hafa hugsað sér að skjóta þá, en hætt við það allt í einu. Framburði sínum um þetta efni hefur ákærði ekki breytt síðar.
4. Aðfarir ákærða við að svipta Guðbjörn Tryggvason lífi á Heiðarlundi vitna um mjög eindreginn vilja hans til að deyða Guðbjörn, allt þar til verkinu var lokið.
5. Framburður vitna svo og ákærða sjálfs þykja ekki benda til þess, að hann hafi verið drukinn að marki. Hann virðist hins vegar hafa haft góða stjórn á gerðum sínum, m. a. við að fjarlægja sönnunargögn af vettvangi eftir verknaðinn.

Á hinn bóginn er á það að líta, að við síðari yfirheyrslu breytti ákærði framburði sínum á þann veg, að drápstilgangur hefði ekki ráðið gerðum hans, er hann stal umræddum riffli úr verslun Brynjólfs Sveinssonar, heldur hafi tilgangurinn einungis verið að

eignast ríffillinn og hafi ástæða manndrápsins verið sú að koma í veg fyrir, að Guðbjörn Tryggvason kæmi upp um þjófnaðinn. Eins og aðstæðum er háttað á vettvangi, var auðvelt fyrir ákærða að kasta frá sér ríffilinum, þegar hann sá til ferða Guðbjörns, og með því koma í veg fyrir, að Guðbjörn sæi ríffilinn. Meðal annars með þetta í huga þykir frásögn ákærða að þessu leyti ekki trúverðug.

Samkvæmt gögnum málsins virðist ákærði hafa valið sér þá leið frá verslun Brynjólfs Sveinssonar og heim til sín, sem minnstar líkur voru á, að hann mætti manni. Hann reyndi þó ekki að dyljast fyrir mönnum þeim, er hann mætti á leið sinni.

Að framangreindu athuguðu þykir mega leggja framburð ákærða í dómi 5. og 6. apríl sl. til grundvallar um tilgang hans með innbrotinu í verslun Brynjólfs Sveinssonar. Þykir því eiga að líta á innbrotið og þjófnaðinn í versluninni sem þátt í því broti ákærða að verða Guðbirni Tryggvasyni að bana, og varðar brot ákærða í heild við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki þykja skilyrði til þess að ákveða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 75. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Hins vegar ber á það að líta, að ákærði var nýorðinn 18 ára, er hann framdi brotið, og þykir því mega hafa hliðsjón af 4. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga við mat á refsingu.

Með dómi sakadóms Akureyrar, uppkveðnum 30. apríl 1976, var ákærði dæmdur í 45 daga fangelsi, en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið, og skyldi hún falla niður að liðnum þrem árum frá birtingu dóms, yrði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið. Var ákærði með dómi þessum fundinn sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða skv. dómi þessum tók einnig til brota ákærða á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. gr. laga nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, er ákærði var fundinn sekur um með dómi sakadóms Akureyrar, uppkveðnum 14. júlí 1975, en refsing ákærða var þá ákveðin 30 daga fangelsi skilorðsbundið.

Með hliðsjón af ákvæðum 60. gr., sbr. 77. og 78. gr., almennra hegningarlaga ber nú að ákveða refsingu í einu lagi fyrir framangreind brot auk brots þess, er um er fjallað í þessum dómi.

Refsing ákærða skv. framansögðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða síðan 5. apríl 1976 ber skv. 76. gr. almennra hegningarlaga að koma með fullri daga-

tölu refsingu hans til frádráttar. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sólness héraðsdómslögmanns, kr. 190.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 140.000, en málið sótti af ákæruvaldsins hálfu Hallvarður Einvarðsson vararíkis-saksóknari.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Úlfar Ólafsson, sæti fangelsi í 16 ár.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða síðan 5. apríl 1976 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 140.000, og málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sólness héraðsdómslögmanns, kr. 190.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1978.

Nr. 70/1976. **Björn Karlsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Einari Jósepssyni

Brunabótafélagi Íslands og

(Hákon Árnason hrl.)

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sig. Ólason hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1976. Kröfur hans eru þessar: „Greiðsla